



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 32/2024

Fullyrðingar Orkunnar um kolefnisjöfnun

I.

Málsmeðferð

1.

Neytendastofa sendi erindi til Orkunnar IS ehf. með bréfi, dags. 5. apríl 2023, vegna ábendinga sem stofnuninni höfðu borist og lutu að fullyrðingum um kolefnisjöfnun sem m.a. birtust utan á Orkustöðinni að Grjóthálsi og á olúflutningabílum Skeljungs hf. Um eftirfarandi fullyrðingu var að ræða:

„Jafnaðu þig hjá Orkunni – Kolefnisjafnaðu eldsneytiskaupin með Orkulyklinum strax í dag“

Af því tilefni vakti Neytendastofa athygli Orkunnar IS ehf. á eftirliti stofnunarinnar með lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Í lögnum sé fjallað um hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Í 5. gr. sé lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta sé nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna. Í 4. mgr. 6. gr. laganna segi að fullyrðingar sem fram komi í auglýsingum eða með öðrum hætti þurfi fyrirtæki að geta fært sönnur á. Í 1. mgr. 8. gr. sé um það fjallað að viðskiptahættir séu óréttmætir ef þeir brjóti í bága við góða viðskiptahætti og raski verulega, eða séu líklegir til að raska verulega, fjárhagslegri hegðun neytenda. Í a. og b. liðum 1. mgr. 9. gr. komi fram að viðskiptahættir séu villandi ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar um eðli vöru eða þjónustu og hvort varan sé til eða þjónustan fyrir hendi og helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta megi af notkun hennar. Í 2. mgr. 9. gr. laganna komi fram að viðskiptahættir séu villandi ef ekki sé greint frá upplýsingum sem telja megi að almennt skipti máli fyrir neytendur eða þeim er leynt og þær séu til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytanda um að eiga viðskipti. Þá sé í 13. gr. laganna kveðið á um að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brjóti í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt sé gagnvart hagsmunum neytenda.



Það sé álit Neytendastofu að framangreind ákvæði laga nr. 57/2005, kunni að eiga við um málið.

Með vísan til 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 fari Neytendastofa fram á að Orkan IS sanni ofangreinda fullyrðingu, þ.e. hvernig og á hvaða hátt viðskiptavinir Orkunnar IS geti kolefnisjafnað eldsneytiskaup sín.

2.

Svar Orkunnar IS barst með bréfi, dags. 28. apríl 2023. Í bréfinu kemur fram að Orkan IS telji ábendinguna sem vísað sé til í bréfi Neytendastofu ekki eiga við rök að styðjast. Vegna ábendingarinnar hafi Neytendastofa kallað eftir því að færðar séu sönnur fyrir fullyrðingunni „*Jafnaðu þig hjá Orkunni – Kolefnisjafnaðu eldsneytiskaupin með Orkulyklinum strax í dag.*“

Samkvæmt lögum um loftslagsmál nr. 70/2012 sé kolefnisjöfnun skilgreind á eftirfarandi hátt (7. tl. 3. gr.): *Kolefnisjöfnun: Þegar aðili hlutast til um aðgerðir annars aðila til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og/eða binda kolefni úr andrúmslofti og notar staðfestingu á slíkum samdrætti eða bindingu til að jafna út sína eigin losun að hluta eða öllu leyti.*“

Í samræmi við framangreinda skilgreiningu um kolefnisjöfnun hafi Orkan unnið með Votlendissjóði frá árinu 2018 að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá þurrkuðum mýrum með endurheimt votlendis. Með endurheimt votlendis sé átt við það að landinu sé aftur breytt í mýri, með því að stífla eða fylla upp í skurði. Erlendar og innlendar rannsóknir sýni að við þessa aðgerð minnki losun gróðurhúsalofttegunda.

Samstarfið lýsi sér þannig að viðskiptavinir sem hafi skráð Orkulykilinn sinn í átak Votlendissjóðs geti gefið 5 krónur af 10 króna afslætti sínum (per líter) til málefnisins og þannig kolefnisjafnað eldsneytiskaupin. Orkan afhendi Votlendissjóði svo framlag viðskiptavina sinna sem nýtist Votlendissjóði í endurheimt votlendis. Áður en ákveðið hafi verið að hefja samstarf með Votlendissjóði hafi verkfræðistofan EFLA verið fengin til að reikna út að áður nefnt fjárframlag sem viðskiptavinir leggi til fyrir hvern lítra nýtist til þess að kolefnisjafna þá lítra sem keyptir hafi verið með endurheimt votlendis.

3.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 23. júní 2023, vísaði stofnunin í fyrra bréf sitt og svarbréf félagsins frá 28. apríl 2023 og þær skýringar og athugasemdir sem þar var að finna.

Með vísan til framangreinds og á grundvelli 1. og 2. mgr. 20. gr. laga nr. 57/2005 fari Neytendastofa fram á að Orkan IS afhendi þær rannsóknir sem félagið byggi framangreinda fullyrðingu á, þ.m.t. útreikninga EFLU verkfræðistofu sem vísað sé til í svarbréfi Orkunnar, og eftir atvikum á hvaða rannsókn/gögnum félagið byggi að hægt sé að kolefnisjafna staka bílferð eða stök eldsneytiskaup. Þá óski stofnunin eftir staðfestingu á því hvaða verkefni Votlendissjóðs framlag viðskiptavina Orkunnar hafi farið í og staðfestingu á að þau verkefni



séu sannanlega farin að binda kolefni úr andrúmsloftinu, sbr. orðalag framangreindrar fullyrðingar Orkunnar IS.

4.

Svar barst Neytendastofu með bréfi, dags. 31. júlí 2023. Þar kom fram að meðfylgjandi bréfinu sé bréf frá Votlendissjóði ásamt fylgiskjöllum, sem teljist hluti af svari Orkunnar, en þar sé að finna umbeðnar upplýsingar sem óskað var eftir með bréfi Neytendastofu, dags. 23. júní 2023. Í bréfi Votlendissjóðs kom fram að tilgangur og markmið Votlendissjóðs, sem sé óhagnaðardrífinn starfsemi, sé að auka endurheimt á votlendi (mýrum). Það sé gert í því skyni að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og að endurheimta vistkerfi sem hafi verið raskað. Sala á kolefniseiningum fari einungis fram í þeim tilgangi að fjármagna slíkar framkvæmdir.

Í bréfi Votlendissjóðs var fjallað um heimildir og rannsóknir að baki samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda með endurheimt votlendis. Þá var tekið fram að reiknað hafi verið út hvert kolefnissporið af einum lítra eldsneytis væri og hvað það myndi kosta að stöðva sömu losun hjá Votlendissjóði, með endurheimt votlendis. Fyrirkomulag Orkunnar hafi síðan verið það að viðskiptavinurinn greiði fjárhæðina (5 kr.) til viðbótar við hvern seldan lítra, upphæðin sé afhent Votlendissjóði og nýtt þar til endurheimtar votlendis. Viðskiptavinurinn hlutist þannig til um að stöðva losun gróðurhúsalofttegunda til jafns við þá losun sem muni eiga sér stað vegna viðkomandi eldsneytiskaupa.

Votlendissjóður hafi til þessa ekki skilgreint kaup á kolefniseiningum niður á einstök verkefni, heldur verið með ákveðið heildarmagn kolefniseininga sem selt hafi verið úr. Ekki sé því hægt að benda á stök verkefni fyrir viðskiptavini Orkunnar. Þess í stað sé meðfylgjandi skjal yfir öll verkefni Votlendissjóðs og þær kolefniseiningar sem þau hafi búið til, sem og yfir framlög viðskiptavina Orkunnar.

Þá sé rétt að taka fram að það hafi orðið mikil þróun í öllu er snýr að kolefniseiningum frá stofnun Votlendissjóðs árið 2018. Leikreglurnar séu í stöðugri mótun. Fyrirkomulag starfseminnar hafi verið að selja kolefniseiningar fyrir fram til þess að fjármagna framkvæmdirnar. Sjóðurinn hafi aldrei fengið neina opinbera fjármögnun til sinna verkefna. Kolefniseiningar hafi verið seldar til átta ára fram í tímann, í takt við samninga við landeigendur. Það hafi verið gert til þess að verðið á einingunum gæti verið lægra og samkeppnishæft við aðrar einingar á markaði, þ.e. seljanlegar. Ekki hafi verið í lögum gerð krafa um að kolefniseiningar væru virkar til þess að unnt hafi verið að nota þær til kolefnisjöfnunar. Á þessum tíma hafi ekki verið byrjað að gera greinarmun á virkum og væntum kolefniseiningum. Sú umræða hafi ekki hafist að viti fyrr en í fyrra, 2022, m.a. með tækniforskrift Staðlaráðs sem gefin hafi verið út undir lok árs 2022.

Að því sögðu þá sé Votlendissjóður að vinna að því að fá vottun á starfsemi sinni og hefji í framhaldinu sundurgreinda sölu á væntum og virkum kolefniseiningum, sem tengdar verði við viðeigandi framkvæmdir.



Í fylgiskjali með bréfi Votlendissjóðs megi sjá að þær kolefniseiningar sem Votlendissjóður hafi framleitt séu vel umfram kaup viðskiptavina Orkunnar. Þá hafi orðið til í rekstrinum fleiri virkar kolefniseiningar sem nemi kaupum viðskiptavina Orkunnar á árinu 2022 og það sem af sé árinu 2023. Eins og áður segi hafi Votlendissjóður hins vegar til þessa ekki sundurgreint við sölu á milli virkra og væntra eininga.

Eins og áður segi, og fram komi í rannsóknum, minnki losunin strax og vatnsstaða í jarðveginum hafi hækkað nægilega. Fram komi í rannsókn Rannveigar Ólafsdóttur að vatnsstaða hafi náð fullri stöðu á svæðunum hraðast fimm klukkustundum frá endurheimtarframkvæmd og upp í tólf dögum síðar. Eitt svæði hafi ekki sýnt hækkun á vatnsyfirborði, sbr. fskj. nr. 3 með bréfi Votlendissjóðs.

Staðfesting á hækkun vatnsstöðu hafi hingað til aðallega farið fram með sjónskoðun. Það sé sú aðferð sem Landgræðslan hafi notað og hafi verið talin fullnægjandi til þess að framkvæmdir geti talist inn í loftslagsbókhald Ísland enda mjög einfalt að sjá hvort vatnsstaðan hafi hækkað.

Nefna megi að Landgræðslan haldi utan um skráningu gagnanna og skili inn í loftslagsbókhald Íslands sem Umhverfisstofnun haldi utan um og sé sent til Sameinuðu þjóðanna. Allar framkvæmdir Votlendissjóðs hafi verið taldar inn í loftslagsbókhald Íslands.

5.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 7. nóvember 2023, var tilkynnt um að vegna fjölda fyrirbyggjandi mála væru fyrir séðar tafir á afgreiðslu málsins.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 3. apríl 2024, var vísað í fyrri bréf stofnunarinnar og farið yfir svarbréf Orkunnar. Neytendastofa vakti athygli á því að á vefsíðu Votlendissjóðs væri að finna fréttatilkynningu þar sem tekið væri fram að sjóðurinn hafi stöðvað sölu kolefniseininga þar til vottun væri í höfn en samkvæmt upplýsingum Neytendastofu hafi sölu kolefniseininga verið hætt í byrjun ársins 2023.

Líkt og fram hafi komið í svörum félagsins sé kolefnisjöfnun skilgreind í 7. tl. 3. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál. Þar komi fram að kolefnisjöfnun sé „Þegar aðili hlutast til um aðgerðir annars aðila til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og/eða binda kolefni úr andrúmslofti og notar staðfestingu á slíkum samdrætti eða bindingu til að jafna út sína eigin losun að hluta eða öllu leyti.“ Samkvæmt framangreindri skilgreiningu verði að liggja fyrir viðurkennd staðfesting á samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda eða binding frá öðrum óháðum aðila. Þá verði verkefni að hafa raunverulegan loftslagsávinning í för með sér og þ.a.l. þurfi að vera um raunverulegan, mælanlegan og varanlegan árangur að ræða sem sé raunveruleg viðbót (árangur hefði ekki komið til án kaupa á kolefniseiningum).



Með vísan til framangreinds og með hliðsjón af því að Votlendissjóður virðist hættur sölu á kolefniseiningum, einingar hafi aldrei verið vottaðar og að um framtíðarkolefnisbindingu, en ekki raungerða, virðist hafa verið að ræða óski Neytendastofa eftir afstöðu félagsins til þess hvort að félagið telji fullyrðingu þess um að hægt sé að kolefnisjafna eldsneytiskaup hjá félaginu með Orkulyklinum samræmist þeim verkefnum sem liggja þar að baki og þeim skilningi sem hinn almenni neytandi leggi í hugtakið „*kolefnisjöfnun*“.

6.

Svar barst Neytendastofu með bréfi, dags. 16. apríl 2024. Í bréfinu var tekið fram að félagið hafi í tengslum við stöðvun Votlendissjóðs á sölu kolefniseininga hætt að notast við það orðalag í markaðsefni sínu sem frameingreind fyrirspurn Neytendastofu laut að en þess í stað bjóði félagið viðskiptavinum sínum að styrkja Votlendissjóð. Í þessu sambandi sé bent á að á heimasíðu Orkunnar megi finna lýsingu á núverandi samstarfi Orkunnar og Votlendissjóðs sem felist í því að þeim viðskiptavinum félagsins sem séu handhafar svokallaðs Orkulykils bjóðist að ráðstafa fimm krónum af þeim 12 króna afslætti sem lykillinn tryggi þeim, á völdum stöðvum Orkunnar, til Votlendissjóðs og sé fjárframlagið nýtt við endurheimt votlendis á tilteknum jörðum.

Enn fremur sé rétt að ítreka það sem fram kom í bréfi félagsins, dags. 28. apríl 2023, þar sem því sé meðal annars lýst að félagið hafi unnið með Votlendissjóði í samræmi við skilgreiningar 7. tl. 3. gr. laga nr. 70/2012 á kolefnisjöfnun frá árinu 2018 og fram í byrjun árs 2023 en þá breyttist samstarfið eins og áður segi í tengslum við vottunarferli sjóðsins og stöðvun á sölu kolefniseininga og fari samstarfið nú fram með fyrrgreindum hætti, þ.e. að Orkan hafi milligöngu um að ráðstafa hluta afsláttar þeirra viðskiptavina sinna, sem það kjósi, til Votlendissjóðs.

Um fyrirkomulag eldra samstarfs félagsins við Votlendissjóð vísist til gagna sem send hafi verið Neytendastofu þann 31. júlí 2023 vegna málsins, þ.m.t. áður nefnt svarbréf Ingunnar Agnesar Kro stjórnarformanns Votlendissjóðs, f.h. sjóðsins („svarbréfið“). Í svarbréfinu sé því lýst hvernig markmið Votlendissjóðs, sem sé óhagnaðardrífín starfsemi, sé að auka endurheimt á votlendi (mýrum) í því skyni að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og endurheimt vistkerfa sem hafi verið raskað. Í fyrsta kafla svarbréfsins sé þeim alþjóðlegu stöðlum lýst sem Votlendissjóður og Landgræðslan hafi stuðst við í útreikningum sínum og sömuleiðis þeim innlendu heimildum og rannsóknnum sem Votlendissjóður hafi tekið mið af í þessu skyni. Þá sé í öðrum kafla bréfsins því lýst hvernig útreikningum um kolefnisjöfnun eldsneytis hafi verið háttáð hjá Votlendissjóði. Hvað þriðja kafla svarbréfsins varði, vilji félagið sérstaklega árétta það sem þar komi fram þess efnis að fyrirkomulag starfsemi Votlendissjóðs hafi í öndverðu verið að selja kolefniseiningar fyrir fram. Ekki hafi þá verið gerð krafa í lögum um að kolefniseiningar væru virkar til þess að unnt væri að nota þær til kolefnisjöfnunar. Umræða um að gera greinarmun á „*virikum og væntum kolefniseiningum*“ hafi ekki hafist af viti fyrr en árið 2022, m.a. með tækniforskrift Staðlarás sem gefin var út í lok þess árs. Að því sögðu sé Votlendissjóður að „*vinna að því að fá vottun á starfsemi sína*



og hefja í framhaldinu sundurgreinda sölu á væntum og virkum kolefniseiningum, sem tengdar verði við viðeigandi framkvæmdir“. Það sé í samræmi við fréttatilkynninguna sem Neytendastofa vísi til í bréfi sínu til félagsins frá 3. apríl sl., en í fréttatilkynningunni komi fram að ákveðið hafi verið að „draga úr rekstri sjóðsins þar til alþjóðleg vottun kolefniseininga er í höfn“ og að vonir standi til þess að „hægt verði að hefja vottaða endurheimt á seinni hluta ársins 2023 og sölu á virkum einingum, fyrir hönd áhugasamra landeigenda, á síðari hluta ársins 2024.“

Þá vilji félagið undirstrika það sem fram komi í lok þriðja kafla áðurgreinds bréfs Ingunnar Agnesar Kro stjórnarformanns Votlendissjóðs, um kolefnisbókhald Orkunnar, þar sem segi“

„Í fylgiskjali 5 má sjá að þær kolefniseiningar sem Votlendissjóður hefur framleitt eru vel umfram kaup viðskiptavina Orkunnar. Þá hafa orðið til í rekstrinum fleiri virkar kolefniseiningar en sem nemur kaupum viðskiptavina Orkunnar á árinu 2022 og það sem af er árinu 2023.“

Við þetta megi bæta því sem fram komi í fjórða kafla sama svarbréfs þess efnis að allar framkvæmdir Votlendissjóðs höfðu verið taldar inn í loftslagsbókhald Íslands sem skilað sé til Sameinuðu þjóðanna.

Með vísan til ofangreinds vilji félagið ítreka það sem áður hafi komið fram í bréfinu þess efnis að félagið hafi hætt að notast við það orðalag í markaðsefni sínu sem framangreind fyrirspurn Neytendastofu lúti að en þess í stað bjóði félagið Orkulykilshöfum sínum að ráðstafa hluta afsláttar síns til Votlendissjóðs í formi fjárframlags.

Þar að auki þyki félaginu rétt að undirstrika að fullyrðingar þess um kolefnisjöfnun eldsneytiskaupa með Orkulyklinum hafi staðist á þeim tíma sem þær hafi verið settar fram af félaginu með vísan til þess að ekki hafi áður verið gerður greinarmunur á virkum og væntum kolefniseiningum eins og vikið hafi verið að. Þá hafi gögn Votlendissjóðs sýnt að þrátt fyrir það hafi orðið til fleiri virkar kolefniseiningar í rekstri Votlendissjóðs en sem hafi numið kaupum viðskiptavina Orkunnar á þeim tíma sem félagið auglýsti kolefnisjöfnun, auk þess sem framkvæmdir Votlendissjóðs hafi verið taldar inn í loftslagsbókhald Íslands sem skilað sé til Sameinuðu þjóðanna.

Því telji félagið engum vafa undirorpið að það hafi, með fullyrðingum sínum fyrir ársbyrjun 2023 um kolefnisjöfnun Orkulykilshafa, uppfyllt allar kröfur laga um slíkt og að gögn málsins sýni að aðgerðir þess hafi haft í för með sér raunverulegan og mælanlegan loftsagsávinning. Enn fremur telji félagið rétt að benda á að hvergi hafi verið dregið í efa að starfsemi Votlendissjóðs hafi haft í för með sér losun gróðurhúsalofttegunda, m.a. með aðstoð viðskiptavina Orkunnar. Hins vegar hafi ástæða þess að dregið hafi verið tímabundið úr rekstri sjóðsins þvert á móti verið sú að nú sé gerð krafa um alþjóðlega vottun kolefniseininga sem sjóðurinn sé að afla. Þessu hafi félagið þó brugðist við með því að fjarlægja umþrættar



fullyrðingar um kolefnisjöfnun með Orkulyklinum úr auglýsingum og markaðsefni félagsins. Félagið veiti þó þeim viðskiptavinum, sem það kjósi, að láta fé af hendi rakna til Votlendissjóðs enda sé það ljóst að sjóðurinn hafi síður en svo lagt upp laupana þó dregið hafi verið tímabundið úr starfsemi í tengslum við margnefnt vottunarferli.

Með vísan til alls framangreinds sé það afstaða félagsins til fyrirspurnar Neytendastofu í bréfi dags. 3. apríl 2024, að hægt hafi verið að kolefnisjafna eldsneytiskaup með Orkulyklinum, á meðan Orkan vísaði til umrædds orðalags um kolefnisjöfnun eldsneytiskaupa með Orkulyklinum í auglýsingum sínum, hvort sem miðað sé við skilgreiningu kolefnisjöfnunar í 7. tl. 3. gr. laga nr. 70/2012 eða almennan skilning neytenda þar um.

Þá ítreki félagið að umrætt orðalag sem fyrirspurn Neytendastofu lýtur að hafi ekki verið að finna í auglýsingum og markaðsefni Orkunnar síðan snemma árs 2023.

Til fyllingar öllu ofangreindu vísi félagið til fyrri bréfa og gagna sem það hafi sent Neytendastofu og áskilji sér jafnframt allan rétt til þess að víkja frá fyrri röksemdum og/eða auka við þær ef þess gerist þörf.

7.

Með bréfi, dags. 23. apríl 2024, tilkynnti Neytendastofa Orkunni að stofnunin teldi gagnaöflun málsins lokið og að það yrði nú tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.

Með bréfi, dags. 26. júní 2024, tilkynnti Neytendastofa að vegna fjölda fyrirbyggjandi mála og sumarleyfa væru fyrirséðar tafir á afgreiðslu málsins.

II.

Niðurstaða

1.

Mál þetta lýtur að fullyrðingum Orkunnar IS ehf. um kolefnisjöfnun sem fram hefur komið í auglýsinga- og markaðsefni félagsins. Umrædd fullyrðing er svohljóðandi:

„Jafnaðu þig hjá Orkunni – Kolefnisjafnaðu eldsneytiskaupin með Orkulyklinum strax í dag“

Í bréfum Neytendastofu hefur komið fram að stofnunin telji ákvæði 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., a. og b. liðar 9. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., auk 13. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, kunni að eiga við um málið.

Í svörum félagsins hefur komið fram að félagið hafi unnið með Votlendissjóði frá árinu 2018 en samstarfið lýsi sér þannig að viðskiptavinir sem hafi skráð Orkulykilinn sinn í átak Votlendissjóðs geti gefið 5 krónur af 10 króna afslætti sínum (per líter) til málefna er tengist



endurheimt votlendis og þannig kolefnisjafnað eldsneytiskaup sín. Þá hefur félagið vísað til skilgreiningar á „kolefnisjöfnun“ sem er að finna í lögum um loftslagsmál og telur að fullyrðingar félagsins hafi verið í samræmi við þá skilgreiningu. Enn fremur kom fram undir rekstri málsins að í tengslum við stöðvun Votlendissjóðs á á sölu kolefniseininga hafi félagið hætt að notast við umrætt orðalag í markaðsefni sínu en bjóði nú viðskiptavinum sínum að styrkja Votlendissjóð.

2.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Í 5. gr. laga nr. 57/2005 er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 4. mgr. 6. gr. laganna er kveðið á um það að fyrirtæki skuli geta fært sönnur á fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum þeirra. Geti fyrirtæki ekki sannað fullyrðingar sínar geta þær verið til þess fallnar að vera villandi gagnvart neytendum og ósanngjarnar gagnvart keppinautum.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr., sem er í III. kafla, er svohljóðandi:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða samkvæmt ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. laganna er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í erindi Neytendastofu var vísað til a. og b. liðar 1. mgr. 9. gr. laganna, þar sem segir að átt sé við rangar upplýsingar um:

*„a. eðli vöru eða þjónustu og hvort varan sé til eða þjónustan fyrir hendi,
b. helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar, [...]“*

Þá segir í 2. mgr. 9. gr. laganna:



„Viðskiptahættir eru villandi ef ekki er greint frá upplýsingum sem telja má að almennt skipti máli fyrir neytendur eða þeim er leynt og þær eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti.“

Skv. ákvæðinu teljast viðskiptahættir villandi ef fyrirtæki leynir upplýsingum sem skipta máli við ákvörðun um að eiga viðskipti eða þær eru veittar á óljósan eða margræðan hátt. Í greinargerð með ákvæðinu kemur fram að hafa megi þau atriði til hliðsjónar sem tilgreind eru í 1. mgr.

Enn fremur er í 13. gr. laganna kveðið á um að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.

3.

Sú fullyrðing sem eru undir í máli þessu snýr að vísun til kolefnisjöfnunar. Skilgreiningu á kolefnisjöfnun er að finna í 7. tl. 3. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál, og er hún svohljóðandi:

„Þegar aðili hlutast til um aðgerðir annars aðila til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og/eða binda kolefni úr andrúmslofti og notar staðfestingu á slíkum samdrætti eða bindingu til að jafna út sína eigin losun að hluta eða öllu leyti.“

Líkt og ráða má af ofangreindu er skilgreining á kolefnisjöfnun bæði opin og almenn en vísun til þess að aðgerðir aðila til að draga úr losun og/eða bindingu kolefnis úr andrúmslofti þurfi að vera staðfest er lykilatriði við túlkun á framangreindri skilgreiningu.

Í svörum félagsins hefur verið vísað til tækniforskriftar Staðlaráðs sem gefin var út í árslok 2022 en um er að ræða ÍST TS 92:2022 sem ber heitið „Kolefnisjöfnun: Kröfur með leiðbeiningum. Tækniforskriftin hefur ekki eiginlegt lagagildi en er til leiðsagnar um hvernig túlka beri hugtakið „kolefnisjöfnun“. Í tækniforskriftinni er kolefnisjöfnun skilgreind á eftirfarandi hátt (tækniforskriftin er einvörðungu gefin út á ensku):

„measures in order to compensate for significant outstanding GHG emissions with retirement of carbon credits after the organization has undertaken all reasonable reduction measures.“

Þá er kolefniseining (e. carbon credit/ex-post) skilgreind á eftirfarandi hátt:

„a unique transferrable instrument issued electronically in a centralized registry representing a GHG emission mitigation in an amount of one (1) metric tonne of CO₂-



eq, that has been verified in that its impacts are real and can be used for offsetting emissions by organizations.“

Líkt og ofan greinir eru tveir mikilvægir þættir kolefnisjöfnunar, samkvæmt tækniforskriftinni, að fyrst sé gripið til allra sanngjarnra og viðeigandi úrræða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og að kolefniseining sem nýtt er til kolefnisjöfnunar sé raunveruleg (staðfest).

Umhverfisstofnun hefur einnig gefið leiðbeiningar um kolefnisjöfnun fyrir opinbera aðila en Umhverfisstofnun fer með leiðbeiningarskyldu og hefur eftirlit með að stofnanir ríkisins, fyrirtæki í meirihlutaeigu ríkisins og sveitarfélög setji sér loftslagsstefnu, sbr. 5. gr. c. laga nr. 70/2012. Í leiðbeiningunum kemur jafnframt fram að leiðbeiningarnar gagnist öllum þeim sem vilji leggja sitt af mörkum til loftslagsbáráttunnar, hvort sem það eru einstaklingar, fyrirtæki, sveitarfélög, félagasamtök eða aðrir.

Í leiðbeiningunum kemur fram að með nokkurri einföldun megi segja að kolefnisjöfnun felist í því að einstaklingar eða lögaðilar bæti fyrir eigin losun gróðurhúsalofttegunda með því að fjármagna verkefni sem a) koma í veg fyrir losun á samsvarandi magni gróðurhúsalofttegunda annars staðar eða b) fjarlægja samsvarandi magn gróðurhúsalofttegunda úr andrúmsloftinu.

Þá kemur fram í leiðbeiningunum að viðmið við kaup á kolefniseiningum séu eftirfarandi:

*„Raunverulegur árangur – verkefni fer sannanlega fram og ber tilskilinn árangur.
Mælanlegur árangur – unnt er að mæla árangur með viðurkenndum aðferðum.
Varanlegur árangur – árangur af verkefni er varanlegur og gengur ekki til baka.
Er viðbót – árangur hefði ekki komið til án kaupa á kolefniseiningum.
Ráðstafanir til að koma í veg fyrir tvítalningu – árangur af verkefni er aðeins nýttur einu sinni til kolefnisjöfnunar.
Verkefni leiðir ekki til kolefnisleka – árangur byggist ekki á því að losun flytjist annað.
Óháð vottun – óháður vottunaraðili staðfestir árangur af verkefni.“*

Með hliðsjón af ofangreindu og að teknu tilliti til þess að skilgreiningar á kolefnisjöfnun og kolefniseiningum eru almennt viðurkenndar í dag af fræðimönnum er það álit Neytendastofu að fyrir verði að liggja viðurkennd staðfesting á samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda eða binding frá öðrum óháðum aðila, þ.e. kolefniseining verður að vera vottuð/staðfest til þess að unnt sé að nýta hana til kolefnisjöfnunar. Þá verða verkefni er snúa að bindingu kolefnis úr andrúmsloftinu að hafa raunverulegan loftslagsávinning í för með sér og þ.a.l. þarf að vera um raunverulegan, mælanlegan og varanlegan árangur að ræða sem er raunveruleg viðbót (árangur hefði ekki komið til án viðkomandi verkefnis).

Að framangreindu virtu er það álit Neytendastofu að fullyrðingar fyrirtæja um kolefnisjöfnun geti verið villandi og óréttmætar gagnvart neytendum ef þær aðgerðir sem fyrirtæki stuðla að



uppfylla ekki ofangreind viðmið og skilgreiningu á kolefnisjöfnun. Að sama skapi er það álit stofnunarinnar að með hliðsjón af ofangreindu sé eðli málsins samkvæmt ekki hægt að fullyrða um kolefnisjöfnun fyrr en kolefnisbinding hefur átt sér stað með sannanlegum hætti, þ.e. þær kolefniseiningar sem um ræðir hafa raungerst (eru fullgildar) og séu þ.a.l. farnar að binda kolefni.

Ef fyrirtæki hyggjast notast við umhverfisfullyrðingar í markaðsefni sínu verða slíkar fullyrðingar að vera réttar, skýrar og orðaðar á þann hátt að hinn almenni neytandi skilji þær, sbr. a. og b. lið 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005. Þá má ekki sleppa mikilvægum upplýsingum er tengjast fullyrðingunum í markaðsefni og verða fyrirtæki að geta fært sönnur á fullyrðingarnar, sbr. 4. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005.

Líkt og að ofan greinir er fullyrðing sú sem er undir í fyrirliggjandi máli eftirfarandi:

„Jafnaðu þig hjá Orkunni – Kolefnisjafnaðu eldsneytiskaupin með Orkulyklinum strax í dag“

Fullyrðingin var m.a. birt á vefsíðu Orkunnar IS, Orkustöðinni að Grjóthálsi og á olíuflutningabílum Skeljungs hf. Þá birtist fullyrðingin einnig á greiðsluskjá á sjálfsafgreiðslustöðvum Orkunnar. Í svörum Orkunnar IS hefur komið fram að félagið hafi unnið með Votlendissjóði að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá þurruðum mýrum með endurheimt votlendis en samstarfið lýsi sér þannig að viðskiptavinir félagsins geti gefið 5 krónur af 10 króna afslætti sínum (per líter) til málefnsins og þannig kolefnisjafnað eldsneytiskaup sín.

Undir rekstri málsins hefur komið fram að Votlendissjóður hafi hvorki fengið vottun á þær kolefniseiningar sem sjóðurinn seldi né séu kaup á kolefniseiningum sérgreind niður á verkefni. Því sé ekki hægt að benda á sérstök verkefni sem viðskiptavinir Orkunnar IS hafi styrkt. Þá hefur einnig komið fram undir rekstri málsins að Votlendissjóður hafi hætt sölu kolefniseininga í byrjun árs 2023 og hafi hafið vinnu við að fá vottun á starfsemi sína sem ekki liggi fyrir. Í svörum félagsins kom fram að félagið hafi hætt að notast við umrædda fullyrðingu í markaðsefni sínu en bjóði viðskiptavinum sínum þess í stað að styrkja Votlendissjóð. Gögn málsins bera hins vegar með sér að félagið hafi enn notast við umrædda fullyrðingu, að minnsta kosti á greiðsluskjá á sjálfsafgreiðslustöðvum Orkunnar, eftir að samstarfi félagsins og Votlendissjóðs lauk um kaup á kolefniseiningum og var notkun umræddrar fullyrðingar enn í gangi eftir síðasta svarbréf félagsins, dags. 16. apríl 2024.

Það að fyrirtæki vilji huga að umhverfinu, stuðla að kolefnisbindingu og bjóða neytendum að taka þátt í þeirri vegferð er vel og í raun nauðsynlegt til að ná fram settum markmiðum í loftslagsmálum. Það er hins vegar óumdeilt að útblástur bifreiða og notkun jarðefnaeldsneytis er skaðlegt fyrir umhverfið og verður því að gera ríkar kröfur til fullyrðinga félaga sem hafa um hendur viðskipti með eldsneyti. Neytendastofa telur jafnframt að þegar fyrirtæki nota að



eigin frumkvæði fullyrðingar með skírskotun til jákvæðra eða hlutlausra umhverfisáhrifa við markaðssetningu á vöru og/eða þjónustu þá verði slíkar fullyrðingar að vera settar fram á skýran, nákvæman og ótvíræðan hátt. Enn fremur verða slíkar fullyrðingar að vera studdar fullnægjandi gögnum. Almenn má gera þá kröfu að því almennari sem slíkar fullyrðingar eru þeim mun ríkari kröfur verði að gera til þess að færðar séu fullnægjandi sönnur á fullyrðingarnar og að framsetning þeirra sé ekki villandi.

Fullyrðing Orkunnar IS er afdráttarlaus en í sama stað óljós enda því haldið fram að neytendur geti kolefnisjafnað „...eldsneytiskaupin með Orkulyklinum strax í dag“ án þess að útskýrt sé nánar hvað felist í þeirri fullyrðingu. Að mati Neytendastofu er því engum vafa undirorpið að fullyrðingunni sé ætlað að vekja þau hughrif hjá neytendum að þeir séu að kjósa umhverfisvænni kost eða að stuðla að jákvæðum áhrifum á umhverfið með því að eiga viðskipti við félagið. Þá kemur jafnan til skoðunar hvernig upplýsingar eru settar fram í markaðssetningu, hvaða viðbótarupplýsingar, sem kunna að styðja við fullyrðingar, eru veittar og hvar þær er að finna og hvaða skilning hinn almenni neytandi leggur í fullyrðingarnar. Félagið veitir neytendum hins vegar ekki þær upplýsingar að í raun séu neytendur að styðja óvottað verkefni sem selur óvottaðar og óraungerðar kolefniseiningar. Í raun má segja að fjárframlag Orkunnar IS til Votlendissjóðs hafi allan búning þess að vera hefðbundið fjárframlag til starfsemi og rekstrar Votlendissjóðs en sé ekki komið til vegna kaupa á kolefniseiningum sem nýta megi til kolefnisjöfnunar. Telja verður að slíkar upplýsingar skipti neytendur almennt séð miklu máli. Þá er það álit Neytendastofu að með fullyrðingu sinni hafi félagið veitt neytendum rangar upplýsingar um bæði eðli þeirrar vöru sem það selur sem og helstu einkenni hennar enda ljóst að kolefnisjöfnun hefur ekki átt sér stað þegar viðskiptavinur ákveður að eiga viðskipti við félagið og veita hluta afsláttarkjara sinna til Votlendissjóðs.

Þá er það álit Neytendastofu að framsetning fullyrðingar Orkunnar IS, þ.e. að hægt sé að kolefnisjafna eldsneytiskaup „...strax í dag“ veki hugrenningatengsl hjá hinum almenna neytenda milli kolefnisjöfnunar annars vegar, eða þess framlags sem Orkan IS greiðir fyrir hönd neytenda til Votlendissjóðs, og hins vegar þess að akstur þeirra sé með öllu skaðlaus fyrir umhverfið. Samkvæmt gögnum málsins er hins vegar ljóst að ekki er hægt að sýna fram á að akstur viðskiptavina félagsins sé kolefnisjafnaður, sé það yfirhöfuð hægt, enda ekki um vottaðar, aðgreindar og raungerðar kolefniseiningar að ræða sem félagið býður viðskiptavinum sínum að kaupa.

Með vísan til alls framangreinds er það álit neytendastofu að hinn almenni neytandi leggi þann skilning í fullyrðinguna um að hægt sé að kolefnisjafna eldsneytiskaup hjá Orkunni IS, með því að gefa eftir hluta afsláttarkjara sinna, að notkun þess eldsneytis sem keypt er sé að fullu kolefnisjöfnuð strax við kaup þegar raunin er sú að ekki er hægt að sýna fram á slíka kolefnisjöfnun með gögnum. Það er álit Neytendastofu að umrædd fullyrðing Orkunnar sé villandi gagnvart hinum almenna neytenda og ekki studd viðhlítandi gögnum og gefi þannig neytendum ranglega til kynna að eldsneytiskaup hans og/eða eldsneytisnotkun hafi engin eða



Í það minnsta kosti minni áhrif á umhverfið og sé þannig líkleg til að hafa áhrif á ákvörðun hins almenna neytanda um að eiga viðskipti við félagið.

Að öllu ofangreindu virtu er það álit Neytendastofu að notkun og framsetning þeirrar fullyrðingar sem um ræðir í þessu máli sé villandi og óréttmæt gagnvart neytendum. Telur Neytendastofa að notkun umræddrar fullyrðingar brjóti gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., a. og b. liðar 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9 gr.. sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005.

III.

Ákvörðunarorð:

„Orkan IS ehf., Fellsmúla 28, 108 Reykjavík, hefur með notkun fullyrðingarinnar „Jafnaðu þig hjá Orkunni – Kolefnisjafnaðu eldsneytiskaupin með Orkulyklinum strax í dag“ í markaðs- og kynningarefni félagsins brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., a. og b. liðar 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, bannar Neytendastofa Orkunni IS ehf. notkun framangreindrar fullyrðingar í markaðs- og kynningarefni félagsins þannig að villandi sé fyrir neytendur. Verði ekki farið að banninu má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.“

Neytendastofa, 18. nóvember 2024

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir